



Alþingi  
Mál nr. P 133/909  
Lögfræðingur 12. 3. 2007

Reiknistofa fiskmarkaða hf • Lðavöllum 7 • Pósthólf 45 • 232 Reykjanesbær • Sími 420 2000 • Fax 420 2001 • Netfang: rsf@rsf.is

www.rsf.is

Reykjanesbæ 8. febrúar 2007

## Umsögn

Til: Sjávarútvegsnefndar Alþingis  
Frá: Reiknistofu fiskmarkaða (áður Íslandsmarkaði)

Mál 432. skilgreining veiða í atvinnuskyni.

Reiknistofa fiskmarkaða (RSF) leggur til að breyting verði gerð á framlögðu frumvarpi. Leggjum við til að sá afli sem fæst við þær veiðar sem í dag má flokka undir tómstundaveiðar verði boðin upp á fiskmarkaði.

Árið 2006 voru boðin upp hjá RSF 163 tonn af fiski veiddum á sjóstöng. Verðmæti þess afla var 23.7 miljónir kr. Er þetta aðeins hluti þess afla sem veiddur var undir formerkjum tómstundaveiða. Viljum við benda á að mjög mikilvægt er að allir hafi jafnan aðgang að þessum afla, ekki síst fiskvinnslur á stöðum sem orðið hafa fyrir mikilli kvótaskerðingu. En einmitt á þeim stöðum er hvað mest aukning í ferðaþjónustu sem býður upp á sjóstangveiði. Eini möguleikinn til að tryggja þeim jafnt aðgengi að þessum fiski er að bjóða hann upp á fiskmarkaði.

F.h. Reiknistofu fiskmarkaða.  
Bjarni Áskelsson  
8923454  
[bjarni@rsf.is](mailto:bjarni@rsf.is)



Sauðárkróki, 08.02.2007

Erindi nr. P 133/910  
Erindi nr. P 133/910  
komudagur 12.2.2007

Nefndasvið Alþingis  
- Sjávarútvegsnefnd -  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**MÁLEFNI:** Stjórn fiskveiða - frumvarp til breytinga á lögum

Á fundi Byggðarráðs Skagafjarðar þann 6. febrúar. 2007 var lagt fram erindi frá Sjávarútvegsnefnd Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til breytinga á lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða. Lýtur breytingin að því að kveða með skýrum hætti á um að í skilningi laga á sviði fiskveiðistjórnar teljist það vera veiðar í atvinnuskyni þegar eigandi eða útgerð báts tekur gjald af þeim er veiðarnar stunda.

*Byggðarráð gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.*

Afgreiðsla þessi var síðan staðfest af Sveitarstjórn Skagafjarðar á fundi þann 8. febrúar 2007.

Þessu er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,  
f.h. sveitarstjóra:



Skagafjörður

Engilrúd M. Sigurðardóttir  
fulltrúi

- Markaðs- og þróunarsvið  
Sveitarfélagið Skagafjörður  
[ems@skagafjordur.is](mailto:ems@skagafjordur.is);  
[www.skagafjordur.is](http://www.skagafjordur.is)